Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1541
komudagur 6.3.2003

BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN
ÍSLANDS

Þingvallastræti 23
PÓSTHÓLF 211
602 AKUREYRI

SÍMI 463 0570
FAX 463 0997

www.brsi.is

**Akureyri 4. mars 2003**

**Nefndasvið Alþingis**
**Austurstræti 8-10**
**150 Reykjavik**

Byggðarannsóknastofnun Íslands sendir hér með frumrit af umsögn sinni um Tillögu til þingsályktunar þskj. 192 - 191. mál.

Skjalið hefur áður verið sent sviðinu á tölvupósti.

Með kveðju,

Dr. Grétar Þór Eyþórsson forstöðumaður

BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN
ÍSLANDS

**BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN ÍSLANDS**

UMSÖGN UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM SAMKEPPNISSTÖÐU ÍSLENSKS ATVINNULÍFS

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur með bréfi dags. 18. febrúar 2003 óskað eftir umsögn Byggðarannsóknastofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, 191. mál. Byggðarannsóknastofnun gerir ekki efnislegar athugasemdir við tillöguna sem slíka enda felur hún einungis í sér að gerð verði athugun á því hversu fýsilegt sé að fara tiltekna leið til að styrkja íslenskt atvinnulíf.

*Það er álit Byggðarannsóknastofnunar að almennt séð sé æskilegt að skoða á hverjum tíma þær leiðir sem unnt er að fara til að styrkja íslenskt atvinnulíf.*

Í tillögu til þingsályktunar um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs er lagt til að kannaðir verði möguleikar á stofnun uppbyggingarsjóða til að efla atvinnu á tilteknum svæðum og vísað til Evrópusambandsins og Noregs í þeim efnum. Þó í tillögunni sé rætt um að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs almennt, má af greinargerðinni ráða að tillagan snúist ekki síst um stefnu í byggðamálum. Í athugasemdum með tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005 sem nýverið var samþykkt á Alþingi voru lagðar til beinar aðgerðir til að ná fram markmiðum áætlunarinnar. Meðal þess sem þar var lagt til (2. töluliður) var að stefnt skyldi að aukinni samvinnu opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs. Auðveldlega má tengja þá tillögu sem hér er til umræðu við áðurnefnd markmið þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005. Það er að segja að við framkvæmd byggðaáætlunar verði jafnframt litið til þess hvort fýsilegt geti verið að haga uppbyggingu sjóðanna með líkum hætti og gert er í Evrópusambandinu og Noregi.

Akureyri 4. mars 2003

F.h. Byggðarannsóknastofnunar,

Dr. Grétar Þór Eyþórsson forstöðumaður Byggðarannsóknastofnunar
Kjartan Ólafsson félagsfræðingur

BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN
ÍSLANDS